# REGLUGERÐ

**um (53.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri, með áorðnum breytingum.**

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. kafla I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2009 frá 5. desember 2009 öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 202/2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 600/2005 að því er varðar notkun efnablöndu með Bacillus licheniformis DSM 5749 og Bacillus subtilis DSM 5750 í fóðurblöndur sem innihalda lasalósíðnatríum.

2. gr.

Ofangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Um aukefni samkvæmt ofangreindri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) vísast að öðru leyti til 13. gr. reglugerðar nr. 340/2001 og 3. viðauka sömu reglugerðar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 7. apríl 2010.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*

**Fylgiskjal.**

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 202/2009**

**frá 16. mars 2009**

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 600/2005 að því er varðar notkun efnablöndu með *Bacillus licheniformis* DSM 5749 og *Bacillus subtilis* DSM 5750 í fóðurblöndur sem innihalda lasalósíðnatríum**

**(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður, ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Efnablanda *Bacillus licheniformis* DSM 5749 og *Bacillus subtilis* DSM 5750, sem tilheyrir flokki örvera, var leyfð án tímamarka í samræmi við tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]) sem aukefni í fóðri fyrir gyltur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1453/2004 ([3]), fyrir eldiskalkúna og kálfa, allt að þriggja mánaða gamla, með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 600/2005 ([4]), sem síðar var breytt með reglugerð (EB) nr. 2028/2006 ([5]), fyrir eldissvín og smágrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2148/2004 ([6]). Aukefnið var síðan fært inn í skrá Bandalagsins yfir aukefni í fóðri sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um breytingu á leyfi fyrir efnablöndunni til að heimila notkun hennar í fóðri fyrir eldiskalkúna sem inniheldur hníslalyfið lasalósíðnatríum. Umsókninni fylgdu þær upplýsingar og þau skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 22. október 2008 að sýnt væri fram á að aukefnið *Bacillus licheniformis* DSM 5749 og *Bacillus subtilis* DSM 5750 væri samrýmanlegt við lasalósíðnatríum ([7]).

5) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 600/2005 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 600/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.
([2]) Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1. Tilskipunin var felld úr gildi með reglugerð (EB) nr. 1831/2003.
([3]) Stjtíð. ESB L 269, 17.8.2004, bls. 3.
([4]) Stjtíð. ESB L 99, 19.4.2005, bls. 5.
([5]) Stjtíð. ESB L 414, 30.12.2006, bls. 26.
([6]) Stjtíð. ESB L 370, 17.12.2004, bls. 24.
([7]) Álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni, sem notuð eru í fóður (FEEDAP), að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um samrýmanleika örveruafurðarinnar Bioplus 2B (*Bacillus licheniformis* og *Bacillus subtilis*) við lasalósíðnatríum. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 841, bls. 1-7.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. mars 2009.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Androulla VASSILIOU

*framkvæmdastjóri.*

*VIÐAUKI*

Í stað færslunnar fyrir E 1700, *Bacillus licheniformis* DSM 5749 og *Bacillus subtilis* DSM 5750 í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 600/2005, komi eftirfarandi:

| EB-nr. | Aukefni | Efnaformúla, lýsing | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarksinnihald | Hámarksinnihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | Þyrpingafjöldi CFU/kg heilfóðurs | | | |
| Örverur | | | | | | | | |
| „E 1700 | *Bacillus licheniformis* DSM 5749 og *Bacillus subtilis* DSM 5750<br>(í hlutfallinu 1/1) | Efnablanda *Bacillus licheniformis* og *Bacillus subtilis* sem inniheldur að lágmarki $3,2 \times 10^9$ CFU/g aukefnis ($1,6 \times 10^9$ af hvorri bakteríu) | Eldiskalkúnar | — | $1,28 \times 10^9$ | $1,28 \times 10^9$ | Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.<br>Má nota í fóðurblöndur sem innihalda hníslalyfin:<br>díklasúríl, halófúgínón, natríummónensín, róbenidín, madúramísínammóníum og lasalósíðnatríum. | Án tímamarka |
| | | | Kálfar | Þriggja mánaða | $1,28 \times 10^9$ | $1,28 \times 10^9$ | Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. | Án tímamarka“ |